



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 179

Margrét Hermanns- Auðardóttir

fornleifafræðingur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 179

Margrét Hermanns- Auðardóttir

fornleifafræðingur

Margrét Hermanns Auðardóttir er fædd 3. maí 1949 í Reykjavík. Árið 1972 lauk hún fil.kand.-prófi úr Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Hún stundaði framhaldsnám í fornleifa-, þjóðhátta- og safnfræði 1974-76 í Háskólanum í Lundi. Þá stundaði Margrét doktorsnám árin 1978-80 í Háskólanum í Lundi og á árunum 1983-87 í Gautaborgar-háskóla. Margrét varð dr.fil úr Háskólanum í Umeå árið 1989.

Margrét er sjálfstætt starfandi fornleifafræðingur og starfar um þessar mundir í Reykjavíkur Akademíunni.

Íslensk þýðing Margrétar á riti Else Nordahl: "Reykjavík from an Archaeological Point of View", útg. 1988, var upphaflega unnin á árabílinu 1991-92 með styrk frá Reykjavíkurborg.

Þann 27. september 2000 afhenti Margrét Borgarskjalasafni til varðveislu þýðingu sína á verki Else Nordahl.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf, dags. 29. september 2000, frá Margréti Hermanns Auðardóttur stílað á Svanhildi Bogadóttur borgarskjalavörð.

Reykjavík af sjónarhóli fornleifafræðinnar. Íslensk þýðing á riti Else Nordahl:

Reykjavík from an Archaeological Point of View, útg. 1988. Margrét Hermanns- Auðardóttir þýddi.

Bókin fjallar um fornleifarannsóknir við Aðalstræti og Suðurgötu á árunum 1971-1975.

Afrit af kostnaðaráætlun prentunar, dags. 23. febrúar 2000, á útgáfu þýðingar á skýrslu Else Nordahl; bréfið er undirritað af Ólafi H. Steingrímssyni hjá Prentsmiðjunni Odda.

Afrit af ódags. bréfi til Guðrúnar Jónsdóttur (dags. skv. tölvu MHA 14. febrúar 2000) formanns menningarmálanefndar Reykjavíkur um kostnaðaráætlun prentunar, þýðingu, viðbótarheimildir, útgáfu og sölu skýrslu Else Nordahl.

Bréf, dags. 2. febrúar, frá Ólafi H. Steingrímssyni um sama efni, ásamt bréfaskiptum Margrétar og Ólafs um sama efni.

Tvö bréf, dags. 7. september 1991 og 23. ágúst 1995, til Margrétar frá Else Nordahl um höfundarrétt Else á verkinu og fleira því tengt.

Tölvudiskur fyrir Macintosh-tölvu 3 1/2" sem geymir handrit þýðingar, merktur REK – skýrsla. Claris Works 4.

Askja 2

Ljósm myndir og annað myndefni við frumútgáfuna á riti Else Nordahl frá 1989; grunnteikningar, þverskurðarteikningar, Íslandskort með staðarnöfnum, töflur og línurit í viðaukum o.fl.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir